þeir með skoðunargjörð, samkvæmt 3. gr. samningsins, hafa náð umráðum yfir þeim og eru farnir að láta vinna þær. Það verður ekki heldur sjeð af brjefi yðar, herra landshöfðingi, að hinn nýi skattur til landssjóðsins, sem með 2. grein laga frá 14. des. 1877 var lagður á ábúendur jarða, sem metnar eru til afgjalds, hafi verið krafinn af leiguliðum námanna, og verður ráðgjafinn samkvæmt hinu framanskráða að ætla, að eigi sje ástæða til að gjöra slíka kröfu. 93 3. sept.

Eptir þessu hefir ráðgjafinn ekki fundið ástæðu til, samkvæmt bendingum yðar, að gjöra neina gangskör að því, að heimta gjöld þau, sem rœðir um, af umboðsmönnum leiguliðanna, sem eru hjer».

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* **um ferðakostnaðarreikning hjeraðslæknis.** — Hreppsnefndin í Saurbœjarhreppi í Eyjafirði hefir sent mjer hjálagt eptirrit eptir reikningi læknisins í 9. læknishjeraði fyrir ferð hans í vetur norður á Akureyri, til þess að veita þar aðstoð við lækningu manns, sem notið hefir sveitarstyrks í tjeðum hreppi, og mælist hreppsnefndin til þess, að upphæð þessa reiknings, er nefndinni þykir ósannsgjarnlega há, verði úrskurðuð. 94 5. sept.

Af eptirriti eptir brjefi yðar, herra amtmaður, frá 16. marz þ. á., er fylgdi brjefi hreppsnefndarinnar, sje jeg, að þjer hafið þá látið í ljósi það álit, að yður beri ekki úrskurðarvald í máli þessu, þar sem ferðin ekki geti álitist gjörð í þarfir hins opinbera.

Um þetta er jeg yður samdóma, en þó það þannig ekki geti komið til tals, að úrskurða reikning þann, er hjer rœðir um, á þann hátt, að úrskurður þessi verði bindandi fyrir alla hlutaðeigendur, virðist mjer rjett að benda hreppsnefndinni á, að hafi ekki verið gjörður sjerstakur samningur um borgun handa lœkninum, hefir hann samkvæmt 4. grein laga 15. október 1875 (Stjtíð. A. 15.) tilkall til, auk borgunar fyrir sjálft það lœkningarverk, er hann framdi á Akureyri, 4 króna dagpeninga um hvern heilan dag, er hann hefir verið frá heimili sínu, og endurgjald fyrir hest þann, er hann hefir notað á ferðinni, eptir því sem tíðkast í byggðarlagi því, er hesturinn var fenginn úr.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— **Brjef landshöfðingja** *til biskups* **um að leggja niður kirkju.** — Með því að hjeraðsfundur Húnavatnsprófastsdœmis hefir samþykkt tillögu hlutaðeigandi sóknarnefndar um, að Grímstungukirkja verði lögð niður, vil jeg með ráði yðar, herra biskup, hjer með leyfa, að svo skuli vera, og að Grímstungusókn verði sameinuð Undirfellssókn. 95 5. sept.

Um leið og jeg skýri yður, herra biskup, frá þessu, vil jeg skora á yður að hlutast til um, að hús hinnar niðurlögðu kirkju verði selt við opinbert uppboð og að andvirði þess ásamt sjóði Grímstungukirkju og áhöldum hennar verði afhent Undirfellskirkju.

— **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **um fje til eflingar búnaði.** — Samkvæmt tillögum amtsráðsins í vesturumdœminu vil jeg 96 6. sept.